



Borgarráð

Reykjavík, 22. júlí 2025
MSS25060124

Tilnefning í skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík 2025-2029

Lagt er til að borgarráð samþykki að tilnefna Alexöndru Briem, borgarfulltrúa, Bolla Thoroddsen, Helgu Þórðardóttur borgarfulltrúa, og Magnús Geir Kjartansson sem fulltrúa Reykjavíkurborgar í skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík 2025-2029. sbr. hjálagða beiðni mennta- og barnamálaráðuneytisins. Þess er óskað að Alexandra Briem og Bolli Thoroddsen verði skipaðir aðalfulltrúar í nefndinni og að Helga Þórðardóttir og Magnús Geir Kjartansson verði skipaðir varafulltrúar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Bréf mennta- og barnamálaráðuneytisins þar sem þess er farið á leit að Reykjavíkurborg tilnefni fulltrúa í skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík, dags. 23. júní 2026.



Reykjavík



Reykjavíkurborg
Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri
Ráðhúsinu
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Dagsetning 23.6.2025
Málsnúmer MRN25060304

Samkvæmt 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, skipar mennta- og barnamálaráðherra skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Skipunartími núverandi skólanefndar Menntaskólans í Reykjavík lýkur 24. september 2025. Af ofangreindu tilefni er þess farið á leit, að Reykjavíkurborg tilnefni tvo aðalfulltrúa og aðra tvo til vara í skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík.

Vakin er athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Hlutfall kvenna skal þó aldrei vera minna en 40%. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Með skírskotun til framangreinds er óskað eftir að tilnefndir verði fjórir einstaklingar, tveir af hvoru kyni. Sé það ekki unnt er óskað eftir skýringu á ástæðum þess. Sama á við ef tilnefningaraðili óskar eftir því að annar tilnefndra einstaklinga verði skipaður aðalmaður. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal þá skýra ástæður þess.

Mælst er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta á netfangið mrn@mrn.is og eigi síðar en 15. júlí nk. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang, vinnustað og netfang tilnefndra aðila fylgja.

F.h. ráðherra

Theódóra Sigurðardóttir

F.h. ráðherra

Erla Ósk Guðjónsdóttir